



## FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn miðvikudaginn 8. mars 2017 kl. 16:00. á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mættir voru: Kristinn Jónasson, Auður H Ingólfssdóttir, Sturla Böðvarsson, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Sævar Jónsson Karitas Jónsdóttir og Finnbogi Leifsson. Einnig sat fundinn Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund kl. 16:00 og gekk til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð stjórnar frá 6. desember samþykkt.

### 2. Ársreikningur og grænt bókhald 2016

#### a. Ársreikningur

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár, 2016. Tekjur ársins kr. 95.885.378 kr. Rekstrargjöld 66.781.823 kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 29.103.555 kr. Fjármunatekjur 4.626.361 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 26.980.653. Eigið fé og skuldir samtals kr. 174.005.779. Handbært fé í árslok 77,5 millj. þ.a. 22,4 m.kr. vegna ábyrgðar sem á að standa undir rekstri urðunarstaðarins eftir lokun. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út 20% arður. Ársreikningur samþykktur samhljóða og vísað til aðalfundar þann 29. mars 2017.

#### b. Grænt bókhald

Lagt fram grænt bókhald ársins 2016. Fyrirtækið, Sorpurðun Vesturlands hf. hefur með grænu bókhaldi eftt upplýsingakerfi sitt ár frá ári þannig að ávallt liggja fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar. Framkvæmdastjóri fór yfir innihald skýrslunnar. Formaður bar grænt bókhald upp til samþykktar. Samþykkt

#### c. Magntölur

Urðað magn úrgangs voru 12.586 tonn. Í grænu bókhaldi er magnið sundurliðað eftir fjórtán úrgangsflokkum sem eiga sér stoð í reglugerð 184/2002.

Finnbogi yfirgaf fundinn.

### **3. Rekstur urðunarsvæðisins**

#### **a. Gasmælingar ársins 2016 og niðurstöður.**

Lagðar fram. Rætt um tímaplan gassöfnunar.

#### **b. Óskir um tilboð í lokahönnun á safnkerfi.**

Framkvæmdastjóri ræddi hugmyndir um uppsetningu útboðs í lokahönnun á safnkerfi metangas. Frumhönnun liggur fyrir unnin af Mannvit. Framkvæmdastjóra falið að finna út úr kostnaði við að fullhanna gassöfnunarkerfið.

#### **c. Yfirfall og stíflað síubeð við rein nr. 4.**

Framkvæmdastjóri fór yfir stíflu í síubeði og hvernig útrás frá rein 4 er fyrir komið á meðan stífluástand ástand varir. Umhverfisstofnun hefur verið greint frá stöðunni en ekki verður hægt að fara út í endurbætur á kerfinu fyrr en með vorinu. Formanni og framkvæmdastjóra falið að koma fram með tillögur á lausn málsins á næsta stjórnarfundum.

#### **d. Eldvarnir og viðbragðsáætlun**

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með slökkviliðsstjóra Borgarbyggðar þann 22. feb. sl. Efni fundarins var að ræða brunavarnir í Fíflholtum og upplýsa um áhættumat og innra eftirlit. Rætt um grímur sem taka meira en ryk, taka líka efni við öndun.

#### **e. Tækjamál – bilanir, ný grafa**

Ný beltagrafa kom til Fíflholta í desember sl. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir bilun í troðara sem kom upp nýverið.

### **4. Umhverfisstofnun**

#### **a. Reglubundið eftirlit frá 9. nóv. 2016**

Sorpurðun Vesturlands hf. hafði óskað eftir breytingum á starfsleyfi þar sem í fyrra eftirliti ársins var skráð frávik varðandi sigvatn sem ekki er leitt beint í Norðlæk. Óskað var eftir því að sigvatn skyldi mælt við útrás síubeðs við rein nr. 4. Vegna stíflu í kerfinu var ósk um starfsleyfisbreytingu afturkölluð þar sem ekki er raunhæft að mæla við þá útrás sem stendur. Frávik nr. 2 var veiðarfæraúrgangur sem er í stöflum í enda urðunarreinar og er úrvinnsla á því í úrbótaferli.

### **5. Umhverfisdagur**

Samþykkt að skoða með umhverfisdag 26. apríl n.k.

### **6. Fundargerðir**

Verkefnisstjórn Sambandsins frá 17.02.2017. Lögð fram.

### **7. Önnur mál.**

#### **a. FENÚR aðalfundur 6. apríl 2017 og ráðstefna um smartlausnir.**

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

## **b. Frumvarp til laga.**

Ráðherra hyggst endurflytja frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur sem lagt var fram á síðasta þingi. Frá síðasta þingi hafa verið gerðar tvær breytingar sem vert er að nefna; annars vegar breytingar á 19. gr. til að bæta öflun tölfræðigagna um úrgangsmál og hins vegar er fallið frá tillögu um stjórnvaldssektir. Óskað er eftir að umsagnir berist ráðuneytinu eigi síðar en 10 mars n.k.

Framkvæmdastjóra falið að fylgjast með málinu.

Einnig lögð fram umsögn Sambands íslenskra Sveitarfélaga er varðar frumvarp um meðhöndlun úrgangs frá 13.01.2017. Þar er um að ræða lögfræðileg álitaefni sem gengur út á það

*„að sveitarfélögin fái ekki eingöngu óverulega þóknun fyrir geymslu raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum heldur taki greiðslur frá Úrvinnslusjóði til sveitarfélaga mið af því þjónustustigi sem veitt er á söfnunarstöðvum”*

Auður H Ingólfssdóttir sagði frá búferlaflutningum sínum og situr því sinn síðasta stjórnarfund. Stjórnarfolk þakkaði Auði afar gott samstarf og óskaði henni velfarnar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:05.  
Hrefna B. Jónsdóttir, fundarritari.